

8. gr.

Forstöðumanni ber í samráði við skógræktarstjóra að stuðla að samstarfi við aðrar deildir Skógræktar ríkisins um sameiginleg verkefni svo sem kynningarstarf og viðfangsefni sem varða stofnunina alla.

Forstöðumaður rannsóknastöðvarinnar getur, með samþykki skógræktarstjóra, falið starfsmönnum Skógræktar ríkisins rannsóknastörf sem gerð verða í umdæmum þeirra. Skógræktarstjóri getur falið rannsóknastöðinni sérverkefni í þágu Skógræktar ríkisins er samræmist verksviði stöðvarinnar. Fagráð skal fjalla um slík samskipti. Fyrir þessi verk komi gagnkvæmar greiðslur.

9. gr.

Rannsóknastöðin annast innra gæðaeftirlit á gróðursetningu Skógræktar ríkisins og skulu slík verkefni skipulögð og unnin í samráði við aðrar deildir Skógræktar ríkisins, en lögð fyrir fagráð og felld inn í aðra starfsemi stöðvarinnar.

10. gr.

Með reglum þessum eru felldar úr gildi reglur nr. 114, 19. apríl 1968.

11. gr.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 4. júlí 1990.

Steingrímur J. Sigfússon.

Jón Höskuldsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 47/1990 um stofnanabjónustu fyrir aldraða.

1. gr.

Fjárhæðir, sem nefndar eru í reglugerðinni skulu breytast þannig:

Í 5. gr. komi kr. 19.000 í stað kr. 15.700.

Í 6. gr. komi kr. 19.000 í stað kr. 15.700.

Í 10. gr. komi kr. 15.300 í stað kr. 13.200.

Í 14. gr. komi kr. 15.300 í stað kr. 13.200.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stöð í 30., sbr. 27. gr. laga um málefni aldraðra nr. 82/1989 öðlast gildi 1. júlí 1990.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 29. júní 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Dögg Pálsdóttir.